

FUNDARGERÐ 518. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 18. ágúst 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Skýrsla áhættunefndar

Svana Helen Björnsdóttir, formaður áhættunefndar, gerir grein fyrir skýrslu áhættunefndar SORPU bs. Helstu niðurstöður hennar eru að áhætta í starfsemi SORPU er á flestum sviðum ásættanleg. Enn er til staðar ýmis áhætta, einkum á sviðum stjórnkerfis og stefnumótunar byggðasamlagsins. Vinna í tengslum við ESA-málið hefur varpað ljósi á þessar áhættur, og skapað tækifæri til úrbóta.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna, og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að því að draga úr og hafa eftirlit með áhættu í rekstri SORPU bs.

2. Árshlutauppgjör SORPU bs. – sex mánaða uppgjör 2025

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að óendurskoðuðu sex mánaða uppgjóri SORPU bs.

Endurskoðað uppgjör verður lagt fyrir á næsta fundi stjórnar.

3. Drög að fjármálastefna SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að fjármálastefnu SORPU bs.

Stjórn þakkar fyrir kynningu og leggur áherslu á að fjármálastefna verði uppfærð með tilliti til breytinga sem kunni að verða í kjölfar vinnu við ESA-verkefnið, sérstaklega með tilliti til arðgreiðslustefnu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar.

4. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026

Fjármálastjóri gerir grein fyrir helstu forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

Stjórn samþykkir framlagðar forsendur.

5. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á stofnun undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu.

Gert hefur verið ráð fyrir að stofnað verði einkahlutafélag í eigu SORPU, Kölku og íslenska ríkisins sem hefði það hlutverk að þróa áfram hugmynd um byggingu sorpbrennslu með orkuendurheimt á Íslandi. Rökin með stofnun slíks félags hafa verið eftirfarandi:

- Stefnt er að einni brennslu fyrir allt landið, heppilegt að verkefnið fái sjálfstæðan málsvara, þ.e. að það sé ekki tengt beint við SORPU.
- Miðað var við að ríkið legði til hlutafé.
- Þar sem um samstarf margra aðila yrði að ræða væri heppilegt að taka verkefnið úr daglegum rekstri hluthafa þess.

Nú hafa mál skipast þannig að aðkoma ríkisins snýst fyrst og fremst um hönnun og fjármögnun flutningsjöfnunarkerfis fyrir landsbyggðina og eftir atvikum um stuðning við landsbrennslu með breytingum á lögum.

Af þessu leiðir tvennt, annars vegar að ríkið lítur á það sem hlutverk sitt að tryggja flutningsjöfnun en ekki að reisa og reka brennsluna sjálfa.

Til stendur að skipaður verði starfshópur á vegum umhverfisráðuneytis sem ætlað er sinna þessum þáttum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu, og tryggja beina aðkomu ríkisins að verkefninu.

6. Málefni endurvinnslustöðva – Dalvegur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu lokunar endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.

SORPA áætlaði lokun á Dalvegi 1. september 2025 og opnun bráðabirgðastöðvar á Glaðheimasvæðinu sama dag, samanber aðgerðaáætlun til að mæta lokun Dalvegur, sem var kynnt á 510. fundi stjórnar SORPU.

Bæjarráð Kópavogs ákvað á fundi sínum 17. júlí sl. að fresta lokun stöðvarinnar við Dalveg til 1. febrúar 2026. Vinna við uppbyggingu bráðabirgðastöðvar var stöðvuð samhliða þessari ákvörðun bæjarráðs Kópavogs.

Til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin mun stjórn taka til rýni stefnumótandi skýrslu tæknimanna sveitarfélaga um framtíð endurvinnslustöðva.

Bréf bæjarstjóra Kópavogs sem lagt var fram á fundi bæjarráðs Kópavogs 17. júlí sl. fylgir fundargerð.

7. Málefni endurvinnslustöðva – Jafnasel

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir afgreiðslu borgarráðs, dags. 21. júlí sl., á erindi SORPU, dags. 4. febrúar sl., um tímabundin afnot af lóð borgarinnar við hlið endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel.

Erindið var hluti af aðgerðaráætlun SORPU til að mæta þeirri stöðu sem kom upp þegar Kópavogur fór fram á að SORPA skilaði lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á. Borgarráð hafnaði ósk SORPU með vísan til umsagna fjármála- og áhættustýringarviðs, og umhverfis- og skipulagssviðs.

Svar borgarráðs fylgir fundargerð.

8. Fundaráætlun stjórnar

Umræður.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjóra fylgir fundargerð.

10. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 8. september klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:00.